

<b>Kennari</b>	Katrín Harðardóttir, netfang: katrin@vma.is	<b>Sk.st.</b>	KAH
----------------	---	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandi þekki aðferðir til að koma auga á viðskiptatækifæri og geti gert viðskiptaáætlun, markaðsgreiningu og markaðsáætlun. Nemandinn kynnist því hvað þarf til að stofna fyrirtæki og hefja rekstur. Kynnist mikilvægi góðs undirbúnings við stofnun fyrirtækis, læri um markmiðasetningu, læri að gera verkáætlun og að mæla hvort markmiðum sé náð. Fjallað verður um lög og reglur við stofnun fyrirtækja og helstu rekstrarform. Farið verður í grunnatriði sem hafa verður í huga til þess að koma vöru eða viðskiptahugmynd á framfæri. Nemandi lærir um mikilvægi vörubrúnar og þróun þjónustu við viðskiptavini, vinnur SVÓT greiningu á viðskiptahugmynd sinni. Áhersla er lögð á markaðsfræði, að auka skilning nemandans á gildi markaðsstarfs fyrir neytendur, fyrirtæki og samfélagið í heild. Fjallað er um breyttar áherslur í markaðssetningu með aukinni tækni. Áhersla er lögð á markaðsetningu á netinu og jákvæðar og neikvæðar afleiðingar þeirrar þróunar. Fjallað er um söluráðana og samval þeirra og mikilvægi kynningaráætlunar. Æskilegt er að gefa nemandanum kost á að kynnast vinnubrögðum í markaðssetningu með því að vinna að hagnýtum kynningarverkefnum á því sviði í nærsamfélaginu. Fjallað er um mikilvægi þess að hafa sjálfbærni að leiðarljósi allt frá upphafi rekstrar og að fyrirtækið móti sér jafnréttisstefnu. Nemandi lærir um viðskiptasiðferði og gildi þess fyrir fyrirtækið, viðskiptavini og samfélagið allt. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur tengi námsefnið við sína atvinnugrein. Námið felst í verkefnavinnu og umræðum á kennsluvef.

### Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi rekstrarformum og geti metið hvaða rekstrarform hentar rekstri hans best.
- hvernig farið er að því að stofna fyrirtæki og hvaða gögnum ber að standa skil á gagnvart hinu opinbera.
- þróun viðskiptahugmyndar/vöru eða þjónustu og ferlinu við að stofna og reka fyrirtæki.
- viti hvar hægt er að leita eftir stuðningi, ráðgjöf og fjármagni við stofnun fyrirtækis.
- markmiðasetningu og hversu mikilvægt er að setja sér markmið.
- viðskiptaáætlun (markaðsmál, fjármál, starfsmannahald, skipulag).

## MEIS4SF05 Námsáætlun – Vorönn 2020



- þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélag.
- mikilvægi samkeppnisgreiningar og markaðshlutunar í öllu markaðsstarfi.
- mikilvægi ímyndar vöru og fyrirtækis.
- hugtökum varðandi vörur og vörubrún.
- samvali söluráða og kaupvenjum neytenda.
- breytingum í markaðsstarfi og neikvæðum áhrifum markaðsstarfs.
- félagslegri og samfélagslegri ábyrgð og mikilvægi sjálfbærni í rekstri.
- þeim ávinningi á vinnustað þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi.
- góðu og samfélagslega viðurkenndum gildum í viðskiptasiðferði.
- verklýsingum og tilboðsgerð.
- uppsetningu og frágangi tilboða.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja vinnu sína fram í tímann, vera skapandi í hugsun og sjálfstæður í vinnubrögðum.
- geti staðið skil á gögnum til hins opinbera í upphafi rekstar.
- geta þróað viðskiptahugmynd/vöru eða þjónustu með markaðsetningu í huga.
- setja sér markmið og leiðir að þeim.
- greina kynningarefni.
- beita samvali söluráða.
- skoða kaupvenjur einstaklinga og framkvæma markaðshlutun.
- framkvæma samkeppnisgreiningu.
- gera markaðsáætlun.
- gera áætlun til að auka sjálfbærni reksturs.
- gera jafnréttisáætlun.
- gera stefnu um viðskiptasiðferði og góða viðskiptahætti.
- gera verklýsingar og reikna út einingarverð.
- gera tilboð.

## MEIS4SF05

### Námsáætlun – Vorönn 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Vika 4 19.-25. jan.	Hugmynd að rekstri. Markmið með rekstri.	Verkefni	4%
Vika 5 26. jan. - 1. feb.	Upphaf rekstrar.	Krossaspurningaverkefni	3%
Vika 6 2.-8. feb.	Umhverfisvernd og sjálfbærni.	Verkefni	3%
Vika 7 9.-15. feb.	Rekstrarform fyrirtækja.	Krossaspurningaverkefni	3%
Vika 8 16.-22. feb.	Lög og reglur. Samkeppniseftirlit, Neytendastofa.	Krossaspurningaverkefni	3%
Vika 9 23.-29. feb.	Þróun vöru og þjónustu. Aðföng og auðlindir.	Verkefni	4%
Vika 10 1.-7. mars.	Söluráðar. Þarfagreining. Svót greining.	Verkefni	5%
Vika 11 8.-14. mars.	Markaðsrannsóknir	Verkefni	4%
Vika 12 15.-21. mars.	Viðskiptasiðferði.	Krossaspurningaverkefni	3%
Vika 13 22.-28. mars.	Verklýsingar og tilboðsgerð.	Krossaspurningaverkefni	3%
Vika 14 29. mars – 4. apríl.	Uppsetning og frágangur tilboða.	Verkefni	6%
Vika 15 5.-11 apríl.	Páskafri		
Vika 16 12.-18. apríl.	Uppsetning og frágangur tilboða, frh.	"	
Vika 17 19.-25. apríl.	Starfsmannastefna. Jafnréttisáætlun. Eineltisáætlun.	Verkefni	4%
Vika 18 26. apríl – 2. maí.	Uppsóp		
Vika 19 3.-9. maí.	Upprifjun		

## MEIS4SF05

### Námsáætlun – Vorönn 2020



Hæfniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna ábyrgð og frumkvæði við vinnu sína.
- tileinka sér gagnrýna hugsun við frumkvöðlastarf og fyrirtækjarekstur og hlusta óhlutdrægt á gagnrýni og ráðgjöf.
- stofna og reka lítið fyrirtæki.
- vinna að markaðs- og viðskiptaáætlun.
- koma vöru í framleiðslu og sölu og vinna sífellt að vöruþróun og þróun þjónustu.
- fjalla um áreiti frá markaðnum á gagnrýninn hátt.
- leysa af hendi markaðshlutun og samkeppnisgreiningu.
- setja saman vel rökstutt val á söluráðum.
- vinna kynningarefni og velja boðleiðir.
- sjá hvar í fyrirtækinu er tækifæri til meiri sjálfbærni og finna leiðir að henni.
- hrinda í framkvæmd jafnréttisáætlun og fylgja henni eftir með reglubundnu mati.
- stunda góða og viðurkennda viðskiptahætti.
- setja saman verklýsingu og gera útboðsgögn.
- reikna út einingarverð og ganga frá tilboði.

#### Námsgögn:

Kennsla fer fram í Moodle vefumhverfinu. Nemandur vinna verkefni sem lögð eru fyrir í hverri viku og þurfa að nota netið mikið við lausn verkefna, ásamt því læsefni sem kennari hefur sett á Moodle. Verkefnalýsing fylgir hverju verkefni.

#### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 3 12.-18. jan.	Kynning á áfanganum, sjá námsáætlun		

**MEIS4SF05**  
**Námsáætlun – Vorönn 2020**



Verkefnaskólinn á Akureyri

**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lokapróf	Nemandi þarf að ná að lágmarki 4 í einkunn á lokaprófi til þess að vetrarvinnan teljist til einkunnar.	55%	
Gagnvirk verkefni	Fimm gagnvirk krossaspurningaverkefni	15%	
Ritverkefni	Sjö ritverkefni. Vægi hvers og eins er í verkefnalýsingu og í áætlun um yfirferð.	30%	
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>

**Annað:** Nemendur hafa viku uppá að hlaupa við verkefnaskil en eftir það er ekki tekið við verkefnum.

Dagsetning:

6. janúar 2020  
*Katrín Harðardóttir*  
Undirritun kennara

6/1 '20 *Jurtli*  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils